



Reykjavík, 19. mars 2024

MSS22030128

Borgarráð

Samhæfingarpur vegna móttöku flóttafólks: Yfirlit og samningsmarkmið

Hjálagt minnisblað samhæfingarhóps um móttöku flóttafólks með yfirliti yfir stöðu helstu verkefna samhæfingarhóps og aðgerðarhóps um móttöku flóttafólks er lagt fram. Uppfært erindisbréf samhæfingarhóps var lagt fram í borgarráði 30. mars 2023. Áður hefur samhæfingarpurinn lagt fram yfirlit í borgarráði vegna móttöku flóttafólks 30. júní og 9. nóvember 2023.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Minnisblað samhæfingarhóps um móttöku flóttafólks.



Reykjavík



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Einar Þorsteinsson, borgarstjóri

Sendandi: Samhæfingarhópur um móttöku flóttafólks

Yfirlit um stöðuna á móttöku flóttafólks

Samhæfingarhópur og aðgerðarhópur hafa fundað reglulega sameiginlega og leggja nú fram uppfærða stöðu á móttöku flóttafólks í þriðja sinn fyrir borgarráð en áður var það gert 29. júní og 9. nóvember 2023.

Erindisbréf samhæfingarhóps vegna móttöku flóttafólks var lagt fram til kynningar í borgarráði 30. mars 2023. Helstu verkefni samhæfingarhópsins eru að undirbúa endurnýjun samnings um samræmda móttöku flóttafólks, leggja fram yfirlit inn í borgarráð um stöðuna á samræmdri móttöku flóttafólks, gera sviðsmyndir um framtíðarþróun og endurskoða gildandi móttökukerfi fyrir flóttafólk hjá Reykjavíkurborg. Með samhæfingarhópnum starfar sérstakur aðgerðarhópur fulltrúa af fagsviðunum sem hefur meðal annars það hlutverk að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu flóttafólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg og undirbúa aðgerðir sem tryggja þjónustu við þennan hóp.

Til grundvallar móttöku fólks á flóttu hjá Reykjavíkurborgar liggja tveir samningar. Annars vegar samningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks sem nær til 1500 manns og rann út um áramót en stendur til að framlengja til 30. júní 2024. Hins vegar samningur við Vinnumálastofnun (áður Útlendingastofnun) um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem í lok síðasta árs var framlengdur til 30. júní 2024 og nær til 300 manns. Að auki er skóla- og frístundasvið (SFS) með ótímasett samkomulag við Vinnumálastofnun (VMST) um grunnskólastarf fyrir börn fólks í leit að alþjóðlegri vernd sem er að öðru leyti á vegum VMST.

Orðið flóttafólk er alla jafna einungis notað um þá sem hafa fengið réttarstöðu flóttafólks og hafa þar með heimild til samræmdrar móttöku. Áður en fólk fær stöðu flóttafólks er það umsækjendur um alþjóðlega vernd. Réttarstaða þessara tveggja hópa er mjög ólík.

Staðan á helstu verkefnum samhæfingarhóps samkvæmt erindisbréfi er eftirfarandi:

Undirbúa endurnýjun á samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks og við Vinnumálastofnun um endurnýjun á samningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.	<i>Báðir samningar framlengdir til 30. júní 2024. Nýir samningar í undirbúningi.</i>
--	--



Leggja fram reglulega yfirlit inn í borgarráð um stöðuna á samræmdri móttöku flóttafólks samkvæmt samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið frá 2022	<i>Yfirlit lagt fram í borgarráði 29. júní 2023 Yfirlit lagt fram í borgarráði 9. nóvember 2023 Yfirlit lagt fram í borgarráði 21. mars 2024</i>
Að gera sviðsmyndir um hugsanlega framtíðarþróun byggðar á þeirri reynslu sem Reykjavíkurborg hefur fengið af móttöku flóttafólks	<i>Unnin hefur verið sviðsmyndagreining um framtíðarþróun á fjölda barna á leik- og grunnskólaaldri sem hafa fengið/fá stöðu flóttafólks.</i>
Endurskoðun á gildandi móttökukerfi fyrir flóttafólk hjá Reykjavíkurborg og tilkostnað í ljósi reynslunnar af samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið frá nóvember 2022	<i>Velferðarsvið hefur unnið að endurskoðun á móttökukerfi og er unnið að breytingum á skipulagi til að bregðast við aðstæðum. Ýmsar áskoranir fylgja móttökukerfinu og ekki fylgir fjármagn frá ríkinu með öllum verkefnum. Lítið fjármagn fylgir samræmdri móttöku hvað varðar leikskóla, grunnskóla og frístundastarf barna.</i>

Í meðfylgjandi skjali er að finna samantekt velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd með þjónustu Reykjavíkurborgar.

Samantekið þá veitir Reykjavíkurborg sem fyrr mjög metnaðarfulla og góða þjónustu þegar kemur að móttöku fólks á flóttu. Starfsfólk borgarinnar hefur unnið frábært starf en áskoranir hafa verið miklar eins og við mátti búast, ekki síst fjárhagslegar.

Hjálagt:

Samantekt - Flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd með þjónustu Reykjavíkurborgar.

Samhæfingarhópur um móttöku flóttafólks – 18. mars 2024.

Erindisbréf samhæfingarhóps um samræmda móttöku flóttafólks.



Flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd með þjónustu Reykjavíkurborgar

Samhæfingarhópur um móttöku flóttafólks - 18. mars 2024





Skilgreiningar og samningar um þjónustu

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Fólk á flóttu kallast umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan það bíður eftir viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttafólk. Áður var orðið hælisleitendur notað í lögunum og er oft notað í daglegu tali. Hópurinn fær þjónustu sveitarfélagsins hjá teymi umsækjenda um alþjóðlega vernd (TUAV) á grundvelli samnings um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Flóttafólk

Þegar rætt er um flóttafólk í þjónustu Reykjavíkurborgar er átt við einstaklinga sem hafa fengið stöðu sína sem flóttafólk viðurkennda af stjórnvöldum og þar með fengið alþjóðlega vernd. Eftir að hafa fengið stöðu fá einstaklingar boð um þjónustu á grundvelli samnings um samræmda móttöku flóttafólks (SAMFLÓ). Mörg leita hins vegar sjálf á miðstöðvar velferðarsviðs og fá þjónustu utan samræmdrar móttöku.



Fjórar stöður flóttafólks

Alþjóðleg vernd samþykkt

Einstaklingar sem hafa verið umsækjendur um alþjóðalega vernd, fengið umsókn samþykka og þar með formlega stöðu flóttafólks.

Kvótaflóttafólk

Þegar stjórnvöld bjóða hópi fólks í viðkvæmri stöðu að setjast að á Íslandi er talað um kvótaflóttafólk. Einstaklingar í þeim hópi fá alþjóðlega vernd strax við komuna til Íslands.

Dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar

Þegar einstaklingar fá dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann.


Dvalarleyfi af mannúðarástæðum

Einstaklingar sem hafa fengið synjun um hæli en fengið dvalarleyfi á grundvelli ríkra mannúðarsjónarmiða. Úkraínnumenn fengu mannúðarleyfi á grundvelli verndar vegna fjöldaflóttu. 44. gr. lög um útlendinga.



Erlendir ríkisborgarar í sérstökum aðstæðum (ÚSA)

- Erlendir ríkisborgarar sem sækja ekki um alþjóðlega vernd en hafa af einhverjum ástæðum ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér tímabundið á landinu án aðstoðar stjórnvalda.
- Samþykki Vinnumálastofnunar þarf fyrir hvern og einn einstakling um upphæð styrks.
- Þetta geta til dæmis verið einstaklingar í farbanni, veikir ferðamenn og fólk sem hefur fengið synjun um vernd.
- Umfang ÚSA hefur aukist mjög á undanförunum árum - eru nú um 6–10 manns á mánuði.
- Reykjavíkurborg fær ekki greitt fyrir ráðgjöf og umsýslu.





Þjónusta í samræmdri móttöku flóttafólks

- Samningur við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks nær til 1500 manns á hverjum tíma.
- Vinnumálastofnun samþykkir hvaða einstaklingar eru skráðir í samræmda móttöku.
- Dæmi um þjónustu teymisins: Félagsleg ráðgjöf, gerð grunnmats og stuðningsáætlunar, sálfræðistuðningur, aðgangur að virkniúrræðum og námskeiðum tengdum uppeldi og íslensku samfélagi, aðstoð við ýmislegt, svo sem húsnæðisleit, að sækja um húsnæðisbætur og húsnæðisstuðning, byggja upp heimili, skrá sig á heilsugæslu, sækja rafræn skilríki, stofna bankareikning og samskipti við aðrar stofnanir.
- Barnafjölskyldur fá aðstoð við að sækja um skóla, tómstunda- og félagsstarf.
- Skimað er fyrir ofbeldi og samstarfi komið á við Barnavernd og Kvennaathvarf ef þörf reynist á.
- Þjónustan getur verið af ýmsu tagi, þar sem ráðgjafi fólks er oft eina tenging þess við samfélagið.
- Mikill munur er á stöðu og þjónustupörf fólks eftir því hvort það hefur fengið þjónustu Vinnumálastofnunar eða Teymis umsækjenda um alþjóðlega vernd (TUAV), þar sem fólk hefur verið í mun meiri virkni.



Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

- Samningur við ríkið um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd nær til 300 manns á hverjum tíma.
- Þjónusta við hópinn fer fram hjá Teymi umsækjenda um alþjóðavega vernd (TUAV) og er því ekki í teymi um samræmda móttöku flóttafólks.
- Dæmi um þjónustu: Húsnæði, félagsleg ráðgjöf, gerð stuðningsáætlunar, virkniúrræði á borð við hópastarf, verkjanámskeið, vatnslitanámskeið, aðstoð við að skrá börn í skóla, leikskóla og frístund og fleira eftir þörfum.
- Sundkort og líkamsræktarkort.
- Gjöfult samstarf við LHÍ um skapandi tónlistarsmiðjur.
- Umsækjendur eru hvattir til að fara á íslenskunámskeið og nýta einnig virkniúrræði annars staðar, svo sem í bókasöfnum, RKÍ og Hjálparstarfi Kirkjunnar.



Þverfagleg samvinna

Búin hafa verið til þverfagleg teymi milli **Samræmdrar móttöku flóttafólks** (SAMFLÓ) og **teymis umsækjenda um alþjóðlega vernd** (TUAV), í því miði að samræma þjónustu og byggja upp þekkingu.

Teymin eru eftirfarandi:

- Barnateymi
- Ofbeldisteymi
- Fötlunarteymi
- Öldrunarteymi
- Ungmenna og tómstundateymi
- Teymi um hópastarf
- Atvinnumálateymi
- Geðteymi
- Hinsegin teymi





Börn á leik- og grunnskólaaldri

- **Ekki rauntímatölur** - Við skráningu í leik- og grunnskóla á Íslandi er ekki skráð með hvaða hætti börn koma til landsins (s.s. innflytjendur, fólk í leit að alþjóðlegri vernd, flóttafólk).
- **Fjölbreyttir hópar með ólíkar þarfir** - Börn sem koma erlendis frá eru í mjög mismunandi stöðu og hafa afar ólíkan bakgrunn. Sum hafa mikla áfallasögu, önnur hafa aldrei verið í skóla þrátt fyrir að vera jafnvel orðin 13 ára og önnur eru komin lengra í stærðfræði en jafnaldrar hér á landi.





Mikil þjónustupörf

Stækkandi hópur með mjög takmarkaða skólagöngu og menntun

- Þar sem staða barna með rofna skólagöngu og óstöðugleika í lífi sínu er flókin þurfa þau mikinn stuðning til að geta tekið þátt í almennu skólastarfi eftir að þau hafa fengið stöðu flóttafólks.
- Það er mikilvægt í ljósi þeirra aðstæðna að börnum og fjölskyldum þeirra sé tryggður betri undirbúningur og stuðningur til að geta verið þátttakendur í almennu leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi en á almennt við um börn af erlendum uppruna.





Sérstök skólaþjónusta í Reykjavík

- **Velkomin í hverfið þitt** móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu miðstöðvar og frístundastarfs.
- **Stöðumat fyrir nýkomna** nemendur (Sænska matstækið) tekið í notkun en það metur færni barns á eigin móðurmáli og/eða á því tungumáli sem barnið er sterkast í.
- Ýmis **námskeið** fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundar til þess að stuðla að markvissri íslensku 2 kennslu og fjölmennningarlegum starfs- og kennsluháttum.
- **Stoðdeild Birtu** fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd.
- **Íslenskuver** í öllum borgarhlutum fyrir börn í 5. – 10. bekk sem eru nýflutt til landsins. Hvert íslenskuver getur sinnt 20 börnum á hverjum tíma.
- **Skólaúrræði** fyrir nemendur frá Úkraínu (2022) sem eru búsett í í tímabundnu húsnæði.
- **Gjaldfrjáls frístund** fyrstu þrjá mánuðina sem barn er á Íslandi
- **Fjárveitingar** til leik- og grunnskóla vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.



Miðlægur stuðningur og utanumhald

- Á skóla- og frístundasviði starfa **tveir verkefnastjórar fjölmenningar** sem hafa yfirsýn yfir málefni barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- Í Miðju máls og læsis starfa **2 kennsluráðgjafar** með sérþekkingu í móttöku, aðlögun og kennslu í íslensku sem öðru máli auk þess sem þeir hafa stýrt og leiðbeint starfsstöðvum varðandi stöðumat fyrir nýkomna nemendur.
- Í Miðju máls og læsis starfa **Brúarsmiðir** í þrem stöðugildum sem tala arabísku og kúrdísku, pólsku, filippseysku og úkraínsku.





**Flóttafólk með þjónustu
velferðarsviðs**



Flóttafólk með þjónustu velferðarsviðs 2013-2024*

5,170

Fjöldi flóttafólks



75

Fjöldi ríkisfanga

1,076

Börn yngri en 18 ára

Fjöldi flóttafólks eftir ári



2,779

Virk mál

2,391

Óvirk mál

*Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabilinu 2013-2024



Flóttafólk með þjónustu velferðarsviðs 2020-2024*

4,477

Fjöldi flóttafólks



68

Fjöldi ríkisfanga

976

Börn yngri en 18 ára

Fjöldi flóttafólks eftir ári



2,493

Virk mál

1,984


Óvirk mál

*Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabílinu 2020-2024



Flóttafólk sem fékk stöðu 2020-2024 með þjónustu – eftir kyni og aldri

● Kona ● Karl ● Annað



*Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabilinu 2020-2024





Flóttafólk sem fékk stöðu 2020-2024 með þjónustu

– eftir algengustu ríkisföngum

Flóttafólk frá Úkraínu sem fékk stöðu 2022-2024 með þjónustu eftir kyni

Algengasta ríkisfang




*Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabilinu 2020-2024



Flóttafólk sem fékk stöðu 2020-2024 með þjónustu – eftir atvinnustöðu

● 2020 ● 2021 ● 2022 ● 2023 ● 2024




**Annað; þar flokkast þau sem eru ellilífeyrisþegar, öryrkjar, í fæðingarorlofi, með endurhæfingarlífeyri og nemar

*Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabílinu 2020-2024



Flóttafólk sem fékk stöðu 2020-2024 með þjónustu

– eftir tegund húsnæðis




*Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabílinu 2020-2024




Flóttafólk sem sem fékk stöðu 2020-2024 með þjónustu – börn flóttafólks

Börn flóttafólks (aldurshópar)



● Karl ● Kona





***Árið miðast við hvenær fólk fékk stöðu og fékk þjónustu velferðarsviðs einhvern tímann á árabilinu 2020-2024**





Samræmd móttaka



Flóttafólk í samræmdri móttöku – Staðan 10. mars 2024



1365
Fjöldi með þjónustu






Flóttafólk í samræmdri móttöku samanborið við flóttafólk sem er ekki í samræmdri móttöku

– Staðan 10. mars 2024



Kyn (samræmd móttaka)

Samræmd móttaka ● Já ● Nei




Húsnæði (samræmd móttaka)

Samræmd móttaka ● Já ● Nei




Atvinna (samræmd móttaka)

Samræmd mótt... ● Já ● Nei



Fjölskyldugerð (samræmd móttaka)

Samræmd móttaka ● Já ● Nei




Tölurnar sýna fjölda allra sem hafa verið með og eru með þjónustu samræmdrar móttöku [tvö ár frá því þau hafa fengið stöðu.](#)



**Flóttabörn og börn sem eru
umsækjendur um alþjóðlega vernd
í skóla- og frístundastarfi**




Fjöldi fjöltyngdra barna í leikskólum





Fjöldi fjöltyngdra barna í grunnskólum







Leikskólabörn sem komu síðustu þrjú skólaár (2020-2023)

358

Fjöldi barna

Fjöldi barna eftir miðstöð







Grunnskólabörn sem komu síðustu tvö skólaár (2021-2023)

770

Fjöldi barna

Fjöldi barna eftir miðstöð






**Sviðsmyndir um börn á leik-
og grunnskólaaldri
sem hafa fengið/fá stöðu flóttafólks**



2022: Uppsafnaður fjöldi barna á leik- og grunnskólaaldri með stöðu flóttafólks í Málaskrá VEL
Uppsafnað frá ársbyrjun 2022






2023

– fyrri hluti árs

2023, fyrri hluti árs: Uppsafnaður fjöldi barna á leik- og grunnskólaaldri með stöðu flóttafólks í Málaskrá VEL
Uppsafnað frá ársbyrjun 2023






Miðspá

– skólaárið 2023-2024

Miðspá. Skólaárið 2023-2024: Uppsafnaður fjöldi barna á leik- og grunnskólaaldri með stöðu flóttafólks í Málaskrá VEL
Uppsafnað frá júlí 2023, miðað við Miðspá Útlendingastofnunar (490/mán)





Fjármálin



Samræmd móttaka flóttafólks

Reykjavíkurborg veitir að hámarki 1500 notendum þjónustu. Núgildandi samningur gildir frá 1. október 2022 til 31. desember 2023.

	Greiðsla á mánuði	Dæmi um fjölda	Greiðsla á mánuði	Greiðsla á ári
Einstaklingur	39.337	800	31 m.kr.	377 m.kr.
Hjón	44.046	300	13 m.kr.	159 m.kr.
Barn	4.986	400	2 m.kr.	24 m.kr.
Samtals		1.500	46 m.kr.	560 m.kr.

- Greiðslur til Reykjavíkurborgar þurfa að dekkja allan launa- og starfsmannakostnað. Undanfarna mánuði hefur borið á mikilli fjölgun notenda með flóknað þjónustuparfir sem krefst meira vinnuframlags.



Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Reykjavíkurborg veitir að hámarki 300 notendum þjónustu og húsnæði í senn. Núgildandi samningur gildir frá 1. apríl 2021 til 30. nóvember 2023.

Tegund kostnaðar	Fjöld daga í maí 2023	Daggjald (vísitölu-tengt)	Greiðsla á mánuði	Greiðsla á ári
Breytilegur kostnaður	6.593	10.668	70 m.kr.	844 m.kr.
Fastagjald			3,6 m.kr.	43 m.kr.
Samtals			74 m.kr.	887 m.kr.

- Greiðslur vegna umsækjenda í formi daggjalda, að auki er fastagjald samkvæmt samningi.
- Greiðslur til Reykjavíkurborgar þurfa að dekkja allan launa- og starfsmannakostnað og annan kostnað vegna umsækjenda eins og skólavist fyrir börn, framfærslufé, nauðsynlegan fatnað, heilbrigðisþjónustu, strætókort, túlkþjónustu og ýmis virkniúrræði eins og íslenskukennslu.



Fjármál skóla- og frístundasviðs

Börn af erlendum uppruna

Reykjavík er eina sveitarfélagið á landinu sem ekki fær fjárframlag frá jöfnunarsjóði vegna kennslu barna af erlendum uppruna í grunnskóla. **Önnur sveitarfélög fá 170.000 kr. á ári** með hverjum nemanda.

Börn með stöðu flóttafólk - Samræmd móttaka

Samningur upp á 1500 manns milli Reykjavíkurborgar og ríkisins.

Börnin koma beint inn í skólakerfið **án nokkurs fjármagns**. Flest í þessum hópi eru frá Úkraínu og Venesúela en einnig börn t.d. frá Palestínu og Sýrlandi og Afganistan.

Í leit að alþjóðlegri vernd

- a) Samningur við ríkið í gegnum VEL. Börnin koma flest inn í Birtu og er innheimtur skólakostnaður á grunni gjaldskrár SÍS og til viðbótar 220.000 kr. á mánuði vegna stuðnings og sérkennslu. Greitt er vegna leikskólabarna, frístundar og sumarstarfs – **en um leið og þau fá stöðu flóttafólks hætta allar greiðslur.**
- b) Á vegum VMST. Börnin koma beint inn í skólakerfið á meðan þau eru umsækjendur. Samningur er ekki kominn á við VMST en er innheimt samkvæmt samkomulagi og samkvæmt gjaldskrá sambands sveitarfélaga varðandi skólakostnað og að auki 187.500 kr. per. barn vegna stuðnings og sérkennslu. **Nær ekki til leikskólabarna, frístundar og sumarstarfs. Þegar þau hafa fengið stöðu flóttafólks hætta allar greiðslur.**




Fjármál skóla- og frístundasviðs

Börn sem fengið hafa stöðu flóttafólks

Ríkið hefur með mjög takmörkuðum hætti viðurkennt viðbótarkostnað Reykjavíkurborgar vegna barna með flóttamannabakgrunn sem hafa fengið stöðu flóttafólks og gildir þá einu hvaða leið þau hafa komið landsins (samræmd móttaka, samningur við VEL eða VMST).

Takmarkaður fjárhagsstuðningur

Mennta-og barnamálaráðuneytið opnaði fyrir umsóknir vegna barna með stöðu flóttafólks í mars 2024. Sú breyting var á að greiðsla til barna á grunnskólaaldri hækkaði úr 200.000 í 300.000 kr. Hins vegar var lögð af föst krónutala vegna barna á leikskólaaldri og settur á pottur til að sækja um sértæk verkefni. ***Petta er eingreiðsla.***





Þörf fyrir aukna þjónustu og fjármagn

- ***Ekkert fjármagn fylgir samræmdri móttöku*** hvað varðar leikskóla, grunnskóla og frístundastarf barna. Í hópi þeirra barna sem hafa komið í gegnum samræmdu móttökuna eru meðal annars 10 börn í Klettaskóla úr hópi barna með stöðu flóttafólks og árlegur kostnaður vegna þeirra er um 160 milljónir á ári. Þá eru allnokkur önnur börn með miklar sérþarfir.
- Stór hluti þessara barna fær sérkennslu og sérstuðning inn í almenna skólakerfið og frístundastarfið að minnsta kosti fyrsta skólaárið.
- Ekki er veitt fullnægjandi þjónustu til barna sem hafa fengið stöðu flóttafólks vegna fjárskorts og skólarnir eru í miklum vandræðum gagnvart fjárheimildum.
- Hiklaust ætti að stefna að því að allir samningar taki mið af viðmiðum í samningi VEL við ríkið (ekki samræmda móttakan) og það greiði fyrsta ár barns í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi til viðbótar tilkostnaði vegna sérskóla/sérdeilda.



Aukin þjónusta og fjármagn haust 2024

Í janúar fékk skóla- og frístundasvið aukið fjármagn til að sinna málefnum sem tengjast fjölmenningu og mun það taka gildi haust 2024

- Úthlutun vegna ísl2 hækkað um 20.000 kr. pr. barn
- Stöðugildi spænskumælandi brúarsmiðs
- Auka stöðugildi inn í hvert íslenskuver, samtals fjögur til viðbótar
- Stuðningsteymi vegna barna með mikla áfallasögu
- Fjögur stöðugildi kennsluráðgjafa sem fer inn í hverja miðstöð til að styðja við fjölbreytta starfs- og kennsluhætti í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum



Fjölskyldu- og skólamiðstöð vegna móttöku barna og foreldra frá Palestínu

- Alls hafa komið 35 börn á grundvelli fjölskyldusameiningar frá Palestínu í mars 2024. Aldursdreifingin er 15 börn á leikskólaaldri, 19 grunnskólaaldri og 1 barn á framhaldsskólaaldri.
- Skóla- og fjölskyldumiðstöð er skjól fyrir börn við komuna til landsins þar sem hlúð er að aðlögun fyrstu vikunar inn í íslensku samfélagi.
- Skóla- og fjölskyldumiðstöð er tímabundið úrræði til að mæta námslegum og félagslegum þörfum barna á leið k- og grunnskólaaldri sem koma hingað til lands.
- Í miðstöðinni er gert ráð fyrir þátttöku foreldra og hugsanlega annarra ættingja, jafnvel systkina sem þegar eru búsett á Íslandi.
- Starfsemin mun fara fram í félagsmiðstöðinni Tónabæ og heftur starfsfólk þekkingu eða bakgrunn frá Mið-Austurlöndum
- Fjölskyldumiðstöðin verður starfrækt frá 3.apríl til lok júní 2024



Ný stoðdeild vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd

- Stoðdeild Birtu við Seljaskóla er skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd í 3.-10 bekk og var sett á laggirnar 2019.
- Á árunum 2020 til 2024 fór fjöldi barna á aldrinum 6 – 16 ára sem eru umsækjendur um alþjóðlega úr um 60 börnum upp í um 130 börn.
- Húsnæði Seljaskóla dugar ekki til að sinna þessum fjölda.
- Lagt er til að sett verði á laggirnar önnur stoðdeild fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og verði hún fyrir börn í 1.- 5.bekk og staðsett við grunnskóla við Bústaðahverfi. Stoðdeild Birtu við Seljaskóla mun þjónusta börn í 6.-10.bekk.
- Starfsemin myndi taka gildi frá og með hausti 2024.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Samhæfingarhópur vegna móttöku flóttafólks

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Aldrei hafa jafnmargir einstaklingar og nú verið á flótta vegna stríðsátaka og ofsókna í heiminum frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur fjölgað verulega í kjölfar Úkraínustríðsins.

Samningur félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Reykjavíkurborgar um samræmda móttöku flóttafólks var undirritaður 19. nóvember 2022. Samningurinn kveður á um að Reykjavíkurborg taki í samstarfi við stjórnvöld á móti allt að 1.500 flóttamönnum á tímabilinu 1. október 2022 til 31. desember 2023. Eldri samningur Reykjavíkurborgar við stjórnvöld frá 2021 sem var reynsluverkefni um samræmda móttöku flóttafólks hljóðaði upp á móttöku 500 flóttamanna en því til viðbótar hefur Reykjavíkurborg veitt fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd þjónustu á meðan umsókn þeirra hefur verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Markmiðið með samræmdri móttöku flóttafólks er að tryggja flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur sem og óháð því í hvaða sveitarfélagi það býr. Lögð er áhersla á nauðsynlega aðstoð við fólk til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, svo sem með atvinnu, námi, þ.m.t. íslenskunámi og samfélagsfræðslu.

Ljóst má vera að móttaka flóttafólks verður ekki síður stórt verkefni á þessu ári en því síðasta, hjá stjórnvöldum og öllum sem að koma, Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum. Meta þarf líklega þróun og undirbúa endurnýjun samninga sem renna út um næstu áramót. Einnig þarf að knýja á um að nauðsynleg kennsla og önnur þjónusta við börn á skólaaldri sé fjármögnuð. Því fer fjarrí í dag. Samhæfingarhópurinn ber ábyrgð á undirbúningi hvors tveggja og gerir tillögur til borgarráðs á sínu sviði.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Að skipuleggja móttöku flóttafólks sem hingað kemur í samræmi við 43. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, í samráði við stjórnvöld. Skipulagið á móttöku flóttafólksins taki m.a. mið af leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökuaðstoð og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks þar sem markmiðið með þjónustunni er að tryggja árangursríka inngildingu flóttafólks í íslenskt samfélag og samhliða stuðla að því að samfélagið komi til móts við þarfir þess. Það er best gert með samstarfi og samráði við flóttafólkið sjálft, félag Úkraínnumanna á Íslandi og fleiri, en það er mikilvægt að virkja krafta þeirra sem eru reiðubúnir að taka að sér verkefni. Miðstöðvar sem sinna nærþjónustu í borgarhlutunum gegna mikilvægu hlutverki með öflugum samstarfi við stofnanir og félagasamtök í hverfum.

Undir samhæfingarhópnum starfar aðgerðarhópur og verður hlutverk hans og verkefni skilgreind sérstaklega.

Helstu verkefni samhæfingarhóps:

- Undirbúa endurnýjun á samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks frá Úkraínu.



Reykjavíkurborg

- Leggja fram reglulega yfirlit inn í borgarráð um stöðuna á samræmdri móttöku flóttafólks samkvæmt samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið frá 2022.
- Að gera sviðsmyndir um hugsanlega framtíðarþróun byggðar á þeirri reynslu sem Reykjavíkurborg hefur fengið af móttöku flóttafólks.
- Endurskoðun á gildandi móttökukerfi fyrir flóttafólk hjá Reykjavíkurborg og tilkostnað í ljósi reynslunnar af samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið frá nóvember 2022.

Samhæfingarhópin skipa:

Þorsteinn Gunnarsson borgaritari, formaður

Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri VEL, varaformaður

Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS

Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri Eignaskrifstofu

Eva Bergþóra Guðbergsdóttir teymisstjóri samskiptateymis SBB

Sigþrúður Erla Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar

Með samhæfingarhópnum starfi leiðtogi alþjóðateymis velferðarsviðs og formaður aðgerðarhóps. Auk þess eru fulltrúar frá skóla- og frístundasviði, menningar- og íþróttasviði og eignaskrifstofu FAS í aðgerðahópnum.

Helstu verkefni aðgerðahóps:

- Undirbúa Reykjavíkurborg sem móttökusveitarfélag í samræmi við samning Reykjavíkurborgar við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks frá Úkraínu.
- Að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu flóttafólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg, m.a. með tölfræðigögnum.
- Undirbúa aðgerðir sem tryggja þjónustu við flóttafólk. Í því felst m.a. útvegum húsnæðis, kennsla fyrir börn á grunnskólaaldri, leikskólaláss, félagslegur stuðningur og leiðbeiningar fyrir frístunda-, tónlistar- og íþróttabátttöku og eftir atvikum atvinnubátttöku.
- Skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem kemur að móttöku flóttafólks.
- Efla samstarf við félagasamtök sem veita stuðning til flóttafólks, s.s. Rauða Krossinn og félag Úkraínumanna á Íslandi.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, fjármála- og áhættustýringasvið, Borgarlögmaður, mannauðs- og starfsumhverfissvið og menningar- og íþróttasvið. Samhæfingarhópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu. Haft verði samráð við helstu hagsmunaðila þar sem við á.

Starfstímabil:

Samhæfingarhópurinn starfi frá 30. mars og eins lengi og þurfa þykir.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 30. mars 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri